

**MasterCard Einkakort****Vátryggingarfjárhæðir MasterCard Einkakorts 2**

1	GILDISÁKVÆÐI .....	2
2	VÁTRYGGINGARSVIÐ/GILDISTÍMI .....	2
3	SKILGREININGAR .....	3
4	FERÐASLYSATRYGGING OG SJÚKRAKOSTNAÐUR .....	3
5	FARANGUR OG TAFIR .....	6
6	FORFÖLL .....	7
7	ÁBYRGÐARTRYGGING VEGNA TJÓNS ÞRIÐJA AÐILA .....	8

**SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR 9**

1	ALMENN ÁKVÆÐI .....	9
2	ALMENNAR TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU .....	9
3	FRESTUR TIL AÐ TILKYNNNA UM TJÓN - FYRNING .....	10
4	ÁGREININGUR - MÁLSMEÐFERÐ .....	10

**SOS INTERNATIONAL – Neyðarþjónusta 11****BÍLALEIGUTRYGGING 13****Almennir skilmálar 13****II. KASKÓTRYGGING BÍLALEIGUBÍLS 14****III. VIÐBÓTARÁBYRGÐARTRYGGING BÍLALEIGUBÍLS 17**

## Vátryggingarfjárhæðir MasterCard Einkakorts

### Hámarksfjárhæðir í krónum

Dánarbætur vegna slyss	9.000.000
Örorkubætur vegna slyss	9.000.000
Sjúkratrygging	8.000.000**
Ferðarof	120.000
Samfylgd í neyð	160.000
Endurgreiðsla ferðar	360.000
Farangurstrygging	200.000**
Innkaupatrygging	200.000**
Farangurstöf	16.000
Forfallatrygging	200.000*
Ábyrgðartrygging	40.000.000**
<b>Bílaleigutrygging</b>	
Kaskótrygging	USD 50.000***
Viðbótarábyrgðartr.	USD 1.000.000

\* eigin áhætta kr. 8.000

\*\* eigin áhætta kr. 16.000

\*\*\* eigin áhætta USD 100

## 1 GILDISÁKVÆÐI

- 1.1 Vátrygging skv. eftirfarandi skilmálum er jafnan gild á ferðalögum í allt að 60 samfellda ferðadaga ef a.m.k helmingur ferðakostnaðar hefur verið greiddur með MasterCard Einkakorts kreditkorti eða MasterCard Einkakorts raðgreiðslum fyrir brottför frá heimili vátryggðs.
- 1.2 Vátryggingin nær til korthafa MasterCard Einkakorts, maka, sambýlismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs.
- 1.3 Sé um ferðalag á Íslandi að ræða er vátryggingin því aðeins gild, að a.m.k. helmingur þess ferðakostnaðar, hafi verið greiddur með MasterCard Einkakort kreditkorti, eða gistirými bókað fyrir fram og kortnúmer gefið upp til greiðslu.  
Skilyrði þessi skulu í öllum tilfellum vera uppfyllt fyrir brottför frá heimili vátryggðs.
- 1.4 Einstaklingur sem fer til vinnu eða náms er einungis vátryggður á útleið og heimleið.
- 1.5 Vátryggður sem býr utan Íslands er tryggður skv. grein 1.1 þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.
- 1.6 Á ferðalögum á Íslandi eru slysatjón í einkabifreiðum undanskilin áhætta í vátryggingu þessari með hliðsjón af 91. og 92. grein umferðarlaga nr. 50/1987.
- 1.7 Vátryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.

## 2 VÁTRYGGINGARSVIÐ/GILDISTÍMI

2.1 Vátrygging þessi felur í sér:

- ferðaslysatryggingu
- sjúkratryggingu
- ferðarofstryggingu

- ferðakostnað annarra aðila
- endurgreiðslu ferðar
- viðlaga- og neyðarþjónustu
- farangurstryggingu
- innkaupatryggingu
- farangurstafatryggingu
- forfallatryggingu
- ábyrgðartryggingu

samkvæmt nánari ákvæðum skilmála þessara.

- 2.2 Korthafi nýtur trygginga skv. skilmálum þessum meðan kort hans er í gildi og samningur er um þá milli félagsins og Kreditkorts hf. Þó gildir ferðatrygging samkvæmt korti, sem korthafi hefur í gildi á greiðsludegi ferðar ef ferð er farin innan 6 mánaða frá greiðslu ferðar þrátt fyrir að korthafi segi upp kortinu innan þess tíma. Sömu tímamörk gilda þegar korthafi tekur upp nýtt kort sem hefur ekki eins víðtæka váttryggingaskilmála og fyrra kort.
- 2.3 Kreditkort hf. hefur heimild til að breyta ákvæðum þessara tryggingaskilmála eða fella úr gildi enda verði korthafa tilkynnt um það á tryggan hátt, sbr. viðskiptaskilmála Kreditkorts hf.

## 3 SKILGREININGAR

- 3.1 Í skilmálum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind þannig:

„Félagið“ merkir Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

„Korthafi“ merkir þann sem hefur MasterCard Einkakort kreditkort í gildi.

„Váttryggður“ merkir þann sem kröfu á um greiðslu bóta, ef til hennar kemur. Þar er um að ræða korthafa MasterCard Einkakorts, maka hans, sambýlismaka og börn á framfæri til loka 22 ára aldurs.

„Slys“ merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á váttryggðum og gerist án vilja hans.

„Dvalarland“ merkir land þar sem váttryggður hefur: a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búið samfellt í a.m.k. 180 daga.

„Ferðakostnaður“ merkir fargjald og gistikostnað.

„Dvalarkostnaður“ merkir gistingu, ferðakostnað, og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati félagsins. Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.

„Náinn ættingi“ merkir maka, sambýlismaka, unnustu/a, barn, barnabarn, foreldri, systkini, tengdforeldri, tengdabarn, afa eða ömmu váttryggðs.

„Náinn samstarfsmaður“ merkir þann sem váttryggður er staðgengill fyrir eða meðeiganda í atvinnurekstri.

„Sambýlismaki“ merkir að sambúðaraðilar hafi sameiginlegt: a) lögheimili, b) skattframtal, c) eigi barn saman, eða d) sambúðin hafi sannanlega varað í a.m.k. eitt ár.

„Flutningsslys á munum“ merkir atvik þegar almenningsfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á hinum váttryggðu munum. Ennfremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila.

„Létt bifhjól“ merkir bifhjól með þá vélarstærð að ekki er krafist ökuskráteinis til notkunar þess.

„MasterCard Einkakort kreditkort“ merkir í skilmálum þessum kreditkort með innifalda ferðatryggingaskilmála samkvæmt samningi Sjóvá-Almennra trygginga hf. og Kreditkorts hf.

## 4 FERÐASLYSATRYGGING OG SJÚKRAKOSTNAÐUR

### 4.1 Slys á ferðalagi

Verði váttryggður fyrir slysi á ferðalagi á váttryggingartímabilinu greiðast bætur í eftirfarandi tilvikum:

- 4.1.1 Dánarbætur 9.000.000 kr.
- 4.1.2 Um rétt til greiðslu dánarbóta fer samkvæmt 100. gr. laga nr. 30/2004. Greiðast þá dánarbætur til maka váttryggðs. Með orðinu maki, skv. lögum nr. 30/2004, er ekki átt við sambúðarmaka. Láti váttryggður ekki eftir sig maka fellur váttryggingarfjárhæðin til erfingja váttryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá.
- 4.1.3 Varanleg örorka, 9.000.000 kr., eftir örorkustigi frá 16% til 100% svo sem hér greinir:
- algjör varanlegur missir sjónar, á öðru auga eða báðum, 100%
  - missir handar við úlnlið eða ofar, 100%
  - algjör, varanleg lömun annarrar eða beggja handa, 100%
  - missir fótar við ökkla eða ofar, 100%
  - algjör, varanleg lömun annars eða beggja fóta, 100%
  - algjör, ólæknandi vitskerðing, 100%
  - algjör, ólæknandi lömun, 100%
  - algjört, ólæknandi heyrnarleysi, 50%
  - algjört, ólæknandi heyrnarleysi á öðru eyra, 30%
  - missir þumalfingurs hægri handar, 20%
- 4.1.4 Algjör varanleg lömun útlims bætist sem missir þess útlims. Önnur varanleg örorka, 16% og hærri, er einnig bætt en þær bætur fara eftir mati sem gert er með hliðsjón af töflum Örorkunefndar um miskastig. Ekki er tekið tillit til starfs eða starfshæfni.
- 4.1.5 Sé hinn váttryggði örvhentur greiðast bætur vegna tjóns á vinstri hendi eins og um þá hægri væri að ræða.

#### 4.2 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliðar 4.1

- 4.2.1 Dánarbætur vegna töluliðar 4.1.1 hér að framan vegna einstaklings sem er innan 18 ára aldurs þegar hann slasast takmarkast við 10% af dánarbótum.
- 4.2.2 Sé váttryggður 60 ára eða eldri verða váttryggingarfjárhæðir eftirgreindir hundraðshlutar af hámarksfjárhæðum, sem tilgreindar eru í töluliðum 4.1.1 og 4.1.3 hér að framan.
- |               |                     |
|---------------|---------------------|
| 60-61 árs 90% | 68-69 ára 50%       |
| 62-63 ára 80% | 70-71 árs 40%       |
| 64-65 ára 70% | 72-73 ára 30%       |
| 66-67 ára 60% | 74 ára og eldri 20% |
- 4.2.3 Bætur vegna töluliða 4.1.1 og 4.1.3 greiðast því aðeins að slysið leiði til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.
- 4.2.4 Hámarksupphæð bóta fyrir eitt slys eða fleiri sem váttryggður verður fyrir í einni og sömu ferð verður aldrei hærri en 9.000.000 kr.

#### 4.3 Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

Félagið greiðir bætur allt að 8.000.000 kr. vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings, sem váttryggingin nær til.

**Váttryggður ber þó alltaf í eigin áhættu 16.000 kr. í hverju tjóni.**

Félagið bætir eftirfarandi:

- 4.3.1 Læknis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð samkvæmt læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að váttryggður veikist eða slasast í ferðinni.

- 4.3.2 Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL.
- 4.3.3 Kostnað við nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar.
- 4.3.4 Flutning jarðneskra leifa váttryggðs til Íslands eða dvalarlands.
- 4.3.5 Tilkynna skal SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi váttryggðs á ferðalagi erlendis.

#### 4.4 Ferðarof

- 4.4.1 Félagið greiðir nauðsynleg viðbótarútgjöld, allt að 120.000 kr., vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands, ef váttryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna:
- 4.4.2 Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda náins ættingja váttryggðs, sem búsettur er á Íslandi eða í dvalarlandi.
- 4.4.3 Verulegs eignatjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- 4.4.4 Félagið greiðir hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar er rofin var.

#### 4.5 Ferðakostnaður annarra aðila

Félagið greiðir:

- 4.5.1 Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að 160.000 kr. vegna ættingja eða vinar váttryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir váttryggðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið, vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika váttryggðs.
- 4.5.2 Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að 160.000 kr. í samráði við félagið vegna náins ættingja eða vinar váttryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika váttryggðs.

#### 4.6 Endurgreiðsla ferðar

- 4.6.1 Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að 360.000 kr., af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.
- 4.6.2 Váttryggingin tekur ekki til ferðar sem varir 5 daga eða skemur.
- 4.6.3 Bætur greiðast einungis fyrir þann sjúka og þá váttryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.

#### 4.7 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliða 4.3–4.6

Félagið bætir ekki:

- 4.7.1 Kostnað, sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.
- 4.7.2 Kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.
- 4.7.3 Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.
- 4.7.4 Tjón sem rekja má til þess að váttryggður:
  - a) mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi eða
  - b) ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita læknismeðferðar erlendis.

- 4.7.5 Kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður þjáðist af, þegar staðfestingargjald var greitt.
- 4.7.6 Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá váttryggingaratburði.

## 5 FARANGUR OG TAFIR

### 5.1 Farangurs- og innkaupatrygging

Váttryggt er gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutnings Slyss. Skilyrt er að hinn váttryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða.

- 5.1.1 Félagið greiðir allt að 200.000 kr. fyrir hvern fullorðinn og allt að 100.000 kr. fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á farangri, sem váttryggður hefur með sér á ferðalagi.
- 5.1.2 Félagið greiðir allt að 200.000 kr. fyrir hvern fullorðinn og allt að 100.000 kr. fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á einkamunum, sem váttryggður kaupir á ferðalagi erlendis og greiðir að fullu með MasterCard Einkakorti.

**Váttryggður ber þó alltaf í eigin áhættu, 16.000 kr. í hverju tjóni.**

### 5.2 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliðar 5.1

Félagið bætir ekki:

- 5.2.1 Einstakan hlut, þar eða samstæðu með hærri fjárhæð en 80.000 kr.
- 5.2.2 Skemmdir er hljótast af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða skemmdir sem ekki rýra notagildi hins váttryggða hlutar.
- 5.2.3 Skemmdir á farangri vegna vökva, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningfarartæki hlekkist á.
- 5.2.4 Tjón vegna skemmda á íþróttatækjum í notkun.
- 5.2.5 Tjón er leiðir af eignaupptöku eða kyrrsetningu muna af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.
- 5.2.6 Tjón á frímerkjum, handritum, skjölum, peningum eða hvers kyns verðbréfum.
- 5.2.7 Tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.
- 5.2.8 Tjón vegna ónógra eða lélegra umbúða.
- 5.2.9 Tjón á hlutum sem einhver hinna váttryggðu týnir, missir, gleymir, misleggur eða skilur eftir á almannafæri eða í ólæstum híbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum.
- 5.2.10 Tjón á hlutum sem stolið er úr ólæstum ferðatöskum.
- 5.2.11 Tjón á gleraugum vegna þjófnaðar, ráns eða innbrots.
- 5.2.12 Tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa úr læstum híbýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.
- 5.2.13 Tjón á viðlegubúnaði í notkun vegna skemmda eða þjófnaðar, svo og tjón á farangri í tjöldum.
- 5.2.14 Tjón er verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem váttryggður hefur, af ásettu ráði eða gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.
- 5.2.15 Tjón vegna bruna, nema kviknað hafi í farartæki eða húsnæði.
- 5.2.16 Tjón á reiðhjólum sem geymd eru utandyra.
- 5.2.17 Skilyrði fyrir bótum er að váttryggður geri þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað. Tilkynna skal viðkomandi yfirvöldum um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um. Tjón skal auk þess ávallt tilkynna fararstjóra, hóteli og bílaleigu.
- 5.2.18 Tjón í flutningi skal tilkynna flutningsaðila þegar í stað og fá skýrslu þar um.

### 5.3 Töf á farangri

- 5.3.1 Fáir vátryggður farangur sinn ekki afhentan innan 8 klst. eftir að á áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu, greiðast bætur til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern vátryggðan 16 ára og eldri. Bætur greiðast til barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanna. Fyrir hverja klst. umfram 8 klst. töf greiðast kr. 1.600, að hámarki kr. 16.000. Bætur takmarkast við þrjá vátryggða vegna hvers tjónsatburðar, þó þannig að heildarfjárhæð bóta vegna allra vátryggða verður aldrei hærri en kr. 24 þús. Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram. Bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar vátryggður er á heimleið. Bætur eru ekki greiddar ef töfin stafar af því að vátryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmarki viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farabókun.
- Bætur skv. þessari grein eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

## 6 FORFÖLL

### 6.1 Forföll – bótaskyldu

Félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að 200.000 kr., vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef ástæðan er ein af eftirfarandi:

- 6.1.1 Andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins vátryggða enda vottað af starfandi lækni.
- 6.1.2 Að náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður:
- a) Andist.
  - b) Hljóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda sé það vottað af starfandi lækni.
- 6.1.3 Vitnaskylda fyrir dómi eða forföll vegna starfa sem vátryggður getur ekki vikið sér undan að vinna skv. lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.
- 6.1.4 Verulegt eignatjón á heimili vátryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- 6.1.5 Röskun er leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför almenningsfarartækis hins vátryggða á útleið skv. ferðaáætlun er honum hefur verið látin í té.
- 6.1.6 Rán flutningsfars.
- 6.1.7 Greiði korthafi sérstakt forfallagjald hjá ferðasala, eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar, gildir forfallatrygging viðkomandi ferðasala í stað þessarar.
- 6.1.8 Framvísa ber læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði félagsins.

Framangreind tilvik skulu vera þess eðlis, að óhjákvæmilegt sé að afturkalla áður gerða pöntun.

**Sérhver vátryggður ber þó alltaf í eigin áhættu, 8.000 kr. í hverju tjóni.**

Bætur skv. þessari grein eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili vátryggðs.

### 6.2 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliðar 6.1

Félagið bætir ekki:

- 6.2.1 Tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt.
- 6.2.2 Tjón sem stafa beint eða óbeint af eftirfarandi:
- a) Tilskipunum stjórnvalda (nema þeim er varða skyldusóttkví).

- b) Yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist skipulagningu ferðarinnar.
  - c) Tregðu váttryggðs til að ferðast eða af bágum fjárhag hans.
  - d) Útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
  - e) Breytingu á fyrirhuguðum sumarleyfistíma.
  - f) Aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár hennar.
- 6.2.3 Tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að hætta við ferð.
- 6.2.4 Tjón sem hlýst af því að váttryggður hefur ekki skráð sig til brottferðar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið látin í té enda hafi breyting á áætlunartíma ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.
- 6.2.5 Tjón sem stafa af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tilskipun opinbers aðila.
- 6.2.6 Tjón sem stafa af verkfallsaðgerðum sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.
- 6.2.7 Tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldþroti ferðaskrifstofa og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutning.

## 7 ÁBYRGÐARTRYGGING VEGNA TJÓNS ÞRIÐJA AÐILA

### 7.1 Ábyrgðartrygging

Félagið greiðir bætur allt að 40.000.000 kr. samtals vegna:

- a) Líkamstjóns einstaklings er leiðir af bótaskyldu atferli váttryggðs.
- b) Tjóns eða skemmda á munum er leiða af bótaskyldu atferli váttryggðs, athöfn eða athafnaleysi.
- c) Kostnaðar og útgjalda þriðja aðila sem innheimta má hjá váttryggðum annað hvort samkvæmt íslenskum lögum eða lögum þess lands þar sem slysið, tjónið eða skemmdirnar urðu.
- d) Málsvarnarlauna og annars kostnaðar og útgjalda váttryggðs vegna tjóns, sem félagið hefur samþykkt að bæta.

**Váttryggður ber þó alltaf í eigin áhættu, 16.000 kr. í hverju tjóni.**

### 7.2 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliðar 7.1

Félagið bætir ekki tjón sem leiðir af eða tengist:

- 7.2.1 Notkun, umráðum eða eignarhaldi vélknúinna ökutækja svo og annarra vélknúinna tækja til notkunar á legi eða lofti.
- 7.2.2 Ábyrgð vinnuveitanda, ábyrgð samkvæmt samningum eða ábyrgð gagnvart nánnum ættingja váttryggðs.
- 7.2.3 Ábyrgð á dýrum sem tilheyra váttryggðum, eru í vörslu hans eða umsjá.
- 7.2.4 Hvers kyns skemmdarverkum, sem unnin eru af ásetningi eða illfýsi.
- 7.2.5 Ábyrgð sem skapast vegna verslunar, viðskipta eða starfs.
- 7.2.6 Ábyrgð vegna eignarhalds á landi og byggingum.
- 7.2.7 Notkun skotvopna, fallhlífarstökki, svifflugi, svífdrekaflugi, loftbelgsflugi, skipulögðum íþróttum og atvinnu, sem talist getur lífshættuleg.
- 7.2.8 Hlutum í eigu þriðja aðila sem skemmast eða tynast á meðan þeir eru í vörslu váttryggðs.

## SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR

### 1 ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið. Vátryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem félagið kann að krefjast til sönnunar kröfu. Eyðublöð fyrir tjónstilkynningar fást hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og á vefsíðu félagsins, [www.sjova.is](http://www.sjova.is).
- 1.2 Tjónabætur greiðast inn á viðkomandi kortareikning í íslenskum krónum. Jafnframt er heimilt að skuldfæra á kortareikning eigin áhættu í sjúkratjónum.
- 1.3 Engum er heimilt án skriflegs samþykkis félagsins að viðurkenna ábyrgð, gefa yfirlýsingar eða aðrar skuldbindingar fyrir þess hönd. Komi til málssóknar vegna kröfu er varðar bótaskyld tjón, eða endurkröfu á þriðja aðila, annast félagið allan rekstur málsins og ræður lögmann að eigin vali.
- 1.4 Vátryggðum ber að gæta þess vandlega að fyrirbyggja eftir megni slys, meiðsl og sjúkleika.
- 1.5 Við andlát vátryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, áskilur það sér rétt til að láta fara fram líkskoðun á eigin kostnað.
- 1.6 Sé félagið bótaskyld í tjóni skv. vátryggingarskilmálum þessum og önnur vátrygging nær jafnframt til sama tjóns, þar á meðal vátrygging samkvæmt öðru kreditkorti hveðrar gerðar sem er, greiðir félagið eingöngu bætur eftir hlutfallslegri ábyrgð, sbr. þó töluhlíð 7.1.8. Ákvæði þetta á jafnt við þó að bætur séu ákveðnar með fyrirfram umsáminni fjárhæð í skilmálum án þess að leggja þurfi fram reikninga vegna tjóns.
- 1.7 Dánar- og örorkubætur greiðast samkvæmt skilmálum eins MasterCard kreditkorts, eða korti útgefnu af Kreditkort hf. en eru að öðru leyti óháðar öðrum vátryggingum, sbr. þó ákvæði í kaflanum um gildisákvæði hér að framan.
- 1.8 Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins MasterCard kreditkorts eða korti útgefnu af Kreditkort hf. fyrir hvern vátryggðan vegna hvers tjónsatburðar.
- 1.9 Um gildi og túlkun vátryggingarskilmála þessara fer eftir íslenskum lögum, sbr. þó gr. 7.1.c).
- 1.10 Komi í ljós að vátryggður eða sá sem kemur fram fyrir hans hönd hafi viðhaft svik til að koma fram kröfu á félagið, fellur niður allur réttur til bóta, sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 1.11 Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur.
- 1.12 Um þau atriði sem ekki er öðru vísi um samið skv. skilmálum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Ákvæði skilmála þessara ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

### 2 ALMENNAR TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU

#### Félagið bætir ekki:

- 2.1 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af:
  - a) beitingu eða notkun hvers kyns kjarnorkuvopna eða kjarnorkubúnaðar sem orsakað getur sprengingu, geislun, losun, dreifingu, sleppingu eða leka kjarnakleyps efnis sem gefur frá sér geislavirkni og veldur varanlegri örorku eða dauða vátryggðs.
  - b) beitingu eða notkun efnavopna sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu, eða leka hvers kyns efnasambands í föstu formi, fljótandi eða loftkenndu og veldur varanlegri örorku eða dauða vátryggðs.

- c) beitingu eða notkun líffræðilegra vopna, sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu eða leka hvers kyns sjúkdómsvaldandi örvera, lífrænt framleiddra eiturefna (að meðtöldum erfðabreyttum lífverum eða nýjum og óþekktum eiturefnum) sem veldur varanlegri örorku eða dauða váttryggðs.
  - d) stríði, innrás, aðgerðum erlendra óvina, hernaðaráttaka, aðgerðum sem jafnast á við stríð hvort sem stríði er lýst yfir eða ekki, borgarastríði, uppreisn, byltingu, vopnaðri baráttu gegn stjórnvöldum, borgarróstum sem jafna má við uppreisn, valdatöku hers eða valdarán.
  - e) Félagið bætir ekki tjón, skaða, kostnað eða útgjöld, hvaða eðlis sem vera kann sem beint eða óbeint orsakast af, eru afleiðing af eða eiga sér stað í sambandi við hvers kyns aðgerðir, sem gripið er til í því skyni að hafa stjórn á, koma í veg fyrir, bæla niður eða tengjast á einhvern hátt staflaðum a), b), c), d) hér að ofan.
- 2.2 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af fjallaklifri, bjargsigi, fallhlífartökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svífðrekaflugi, svifflugi, kajakferðum, siglingum á bátum sem róið er niður straumharðar ár og fljót, kappreiðum, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjárvar eða neðanjarðar.
  - 2.3 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af bifreiða- og vélaípróttum eða notkun vélhjóla, hvort sem váttryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun létts bifhjóls, sem tekið er á leigu í ferðalagi er fellur undir váttryggingu þessa.
  - 2.4 Tjón vegna slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 16 ára.
  - 2.5 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi, hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
  - 2.6 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af:
    - a) jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis.
    - b) geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra.
  - 2.7 Hafi váttryggður af ásetningu valdið því að váttryggingarburður varð, ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. eða 89. gr. laga nr. 30/2004. Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingarburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.
  - 2.8 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af sjálfsvígi, geðveiki, meiðslum sem menn valda sjálfum sér, handalögmálum, þátttöku í refsiverðum verknaði, misnotkun lyfja, neyslu fíkniefna, áfengis, kynsjúkdómum eða tjón sem verða er váttryggður hefur stofnað sér í hættu að nauðsynjalausu.
  - 2.9 Ef í einum og sama váttryggingarburði verður slys á mörgum einstaklingum sem váttryggðir eru með ferðatryggingum kortahafa Kreditkorts hf., takmarkast heildarbætur félagsins við 25 milljónir USD eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Komi til skerðingar bóta vegna þessa ákvæðis, verður hún hlutfallsleg miðað við bótafjárhæðir sem sérhver bótaþegi hefði ella átt rétt til.

### 3 FRESTUR TIL AÐ TILKYNNNA UM TJÓN - FYRNING

- 3.1 Váttryggður glatar rétti til bóta ef:
  - a) hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
  - b) hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.
- 3.2 Krafa váttryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. eða 125. gr. laga nr. 30/2004.

### 4 ÁGREININGUR - MÁLSMEÐFERÐ

- 4.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

4.2 Ágreiningi um bótaskyldu félagsins, þ.m.t. sök og sakarskiptingu skaðabótaskyldra aðila, má leggja fyrir Tjónanefnd vátryggingarfélaganna. Meðferð máls hjá nefndinni er aðilum að kostnaðarlausu. Með greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Málskotseyðublað vegna úrskurðarnefndarinnar er unnt að nálgast hjá félaginu, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu beggja nefndanna.

4.3 Málsmeðferð fyrir nefndum þessum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## SOS INTERNATIONAL – Neyðarþjónusta

Þjónusta SOS INTERNATIONAL vegna slyss eða sjúkdóms erlendis greiðist af MasterCard ferðatryggingu korthafa hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., að því tilskyldu að greiðsla ferðakostnaðar með MasterCard korti hafi verið samkvæmt skilmálum. Innheimt er fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir á kostnaðarverði, en öll ráðgjöf er veitt ókeypis. Þegar leitað er upplýsinga eða aðstoðar SOS INTERNATIONAL er nauðsynlegt að gefa upp kortanúmer, nafn, kennitölu og heimilisfang korthafa og taka fram að hann sé tryggður af Kreditkorti hf.

Einnig má hafa samband við Neyðarþjónustu Kreditkorts hf. (sími +354 533 1400 ef hringt er frá útlöndum) sem hefur þá milligöngu um samskipti við SOS.

### Gildisákvæði

Hver sá sem hefur neyðarkort SOS ásamt gildu íslensku MasterCard kreditkorti getur kallað á aðstoð SOS, hendi hann alvarlegt óhapp á ferðalagi utan Íslands. Neyðarkortið gildir í öllum álfum heims, en takmarkast við að ferð standi lengst í 60 daga samfleytt. Maki, sambýlismaki og börn korthafa 22 ára og yngri, njóta einnig aðstoðar SOS þegar þau eru á ferðalagi.

Gildistími neyðarkortsins er sá sami og MasterCard kreditkortsins.

### SOS INTERNATIONAL - Öryggisþjónusta og neyðarhjálp

Neyðarþjónusta SOS í Kaupmannahöfn, sími +45 7010 5050 er opin allan sólarhringinn árið um kring.

### Hvernig er best að bera sig að í neyðartilvikum?

Ef korthafi lendir í vandræðum erlendis er einfaldast að hafa samband við neyðarþjónustu Kreditkorts hf. í síma +354 5331400 ef hringt er frá útlöndum. Þar er svarað í símann allan sólarhringinn og hægt að útskýra aðstæður í rólegheitum á íslensku. Sá sem óskar eftir aðstoð þarf að gefa upplýsingar um nafn, MasterCard kortnúmer, stað og símanúmer þar sem hægt er að hafa samband við viðkomandi. Að lokum þarf sá sem óskar eftir aðstoð að gefa stutta lýsingu á vandanum og hverskonar hjálp er óskað eftir.

Þaðan í frá er málið í höndum okkar og sérfræðinga hjá SOS og þeir veita og meta allar aðstæður og taka síðan ákvarðanir um hvað gera skuli í hverju tilviki.

Mikilvægt er að hafa fullt samráð við SOS til að tryggja sem besta þjónustu í hvívetna.

### NÁNARI SKILGREINING Á AÐSTOÐ SOS

#### Slysa- og sjúkraþjónusta

Reyndir starfsmenn annast eftirfarandi:

- að veita ráðgjöf og gefa upp nöfn, heimilisföng og símanúmer viðurkenndra lækna, læknastofa eða sjúkrahúsa og tannlækna um heim allan.
- að samband verði haft við sjúkrahús og ábyrgð sett fyrir kostnaði, ef þörf krefur.
- að ræða við lækna og starfsmenn sjúkrahúss á tungumáli viðkomandi lands.
- að leitað verði strax ráða lækna um möguleika á heimflutningi og besta ferðamáta í samræmi við ástand sjúklings. Að ætíð þegar þess er þörf verði hjúkrunarfolk látið fylgja sjúklingi.

- að aðstoða við og skipuleggja heimferð ættingja hins sjúka eða slasaða.
- að skipuleggja og aðstoða við heimferð barna hins sjúka eða slasaða í öruggri fylgd fullorðins, sé þess þörf.
- starfsfólk SOS getur veitt þjónustu á yfir 30 tungumálum.

## Ferðþjónusta

Gefnar eru upplýsingar um eftirfarandi og veitt aðstoð sé þess óskað:

- áritun vegabréfa, ónæmisaðgerðir, veðurfar, ástand vega og skilyrði til ferðalaga, heilbrigðisþjónustu o.fl.
- endurnýjun glataðra eða stolinna vegabréfa, farseðla og ferðaskilríkja.

## Lögfræðiaðstoð

Lendi váttryggður í slysi og/eða þarfnist lögfræðiaðstoðar, aðstoðar SOS INTERNATIONAL við útvegum lögmanns.

## Týndur farangur

Leita má aðstoðar SOS INTERNATIONAL við að hafa upp á týndum farangri eftir að venjuleg leit hefur ekki borið árangur, og skal þá gefa upp farangursnúmer.

## Bilun einkabifreiðar

SOS INTERNATIONAL aðstoðar vegna bilunar eða umferðaróhapps, sem gerir einkabifreið korthafa á ferðalagi í Evrópu, utan Íslands, óökufæra. Aðstoð er veitt við að koma bifreiðinni á verkstæði, útvega bílaleigubíl og/eða gistingu ef þörf krefur. Aðstoðin nær ekki til bílaleigubíla.

## SÍMAPJÓNUSTA Í VIÐLÖGUM

Viðlaga- og neyðarþjónusta SOS INTERNATIONAL er veitt allan sólarhringinn árið um kring.

**Sími í Danmörku (45) 70 10 50 50**

**Fax í Danmörku (45) 70 10 50 56**

**Netfang**                    **sos@sos.dk**

**Heimasíða**                **www.sos.dk**

## Önnur mikilvæg símanúmer:

Neyðarsími Kreditkorts hf. 354-533 1400,

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 354-440 2000 („Collect“)

**Netfang:** kreditkort@kreditkort.is

## Heimasíður:

www.kreditkort.is

www.sjova.is

## Fax:

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 354 440 2090

## ATHUGAÐU VEL AÐ:

- Lesa SOS INTERNATIONAL skilmálana og Sjóvá tryggingarskilmálana vel og vandlega.
- Hafa SOS INTERNATIONAL kortið meðferðis.
- MasterCard kortið þitt sé í gildi á meðan á ferð stendur.
- Leggja leyninúmerið fyrir hraðbanka (pin-númer) vel á minnið en taka það ekki með í ferðina.

- Fara aldrei ein(n) í hraðbanka að kvöldi né nóttu.
- Tilkynna strax til Kreditkorts hf., sími +354 533 140000 (símavakt allan sólarhringinn), eða til næsta MasterCard banka ef þú týnir kortinu eða því er stolið.
- Það er óráðlegt að hafa alla fjármuni og skjöl á sama stað.
- Ef kortið þitt er handþrykkt og kalkipappír er á milli á úttektarseðlinum skaltu biðja afgreiðslufólkið um kalkipappírinn ásamt þínu afriti.
- Láta kortið þitt aldrei í geymsluhólf á hótelum nema það sé 1. flokks eða 4 til 5 stjörnu hótél.
- Vera ætíð á varðbergi þegar seðill er útfylltur að upphæð sé rétt þar sem heildarfjárhæð er skrifuð. Oft er heildarfjárhæð skilin eftir óútfyllt á veitingahúsum og er þá þjónustufólkið að biðja um þóknun (tips) og er það þá þitt að útfylla heildarfjárhæð í reitinn.
- Að láta kortið aldrei fara úr þinni auglýsni við hverskonar afgreiðslu.
- Að gæta kortsins og annarra verðmæta sérstaklega vel á fjölmönnum mörkuðum og skemmtistöðum, einkum þó á næturklúbbum.
- Ef þú ert með fleiri en eitt kort, skaltu aldrei geyma þau á sama stað, því ef veskinu er stolið stendur þú uppi allslaus.
- Halda saman öllum úttektarseðlum til hægðarauka fyrir þig við samanburð þegar til útskriftar kemur.

## BÍLALÉIGUTRYGGING

Bílaleigutrygging felur í sér eftirfarandi vátryggingar:

### KASKÓTRYGGINGU

### VIÐBÓTARÁBYRGÐARTRYGGINGU

## Almennir skilmálar

### 1 Lög

- 1.1 Um vátrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum vátryggingarsamnings. Ákvæði skilmála þessara ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

### 2 Skilgreiningar

Eftirfarandi orð og orðasambönd hafa svofellda merkingu í skilmálum þessum:

- 2.1 „Félagið“ merkir Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
- 2.2 „Axa Assistance“ er aðstoðar- og uppgjörsefélag vegna bótaskyldra tjóna samkvæmt vátryggingu þessari. Ber vátryggðum að tilkynna þeim án tafar um hvers konar tjón sem kunna að verða á bílaleigubílnum eða tjón sem hlýst af notkun hans.
- 2.3 „Bílaleigubíll“ merkir hvern þann bíl sem tekinn er á leigu samkvæmt samningi, til eins eða fleiri daga eða vikna, hjá bílaleigufyrirtæki eða umboði þess sem hefur öll tilskilin leyfi hlutaðeigandi yfirvalda í viðkomandi landi, fylki eða sveitarfélagi.
- 2.4 „Vátryggður“ merkir þann sem kröfu á um greiðslu bóta eða nýtur vátryggingarverndar ef til tjóns kemur. Þar er um að ræða korthafa Einkakorts, sem skráður er ökumaður bílaleigubílsins, svo og aðra skráða ökumenn bílaleigubílsins sem uppfylla að vera einhverjir af eftirtöldum aðilum: maki hans, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdaforeldrar, systkini, viðskiptavinur eða samstarfsfélagi.
- 2.5 „Líkamstjón“ merkir líkamsmeiðsl, veikindi eða sjúkdóm, þ.m.t. andlát sem orsakast af þessum sökum.
- 2.6 „Skemmdir á eignum“ merkir efnislegar skemmdir eða eyðileggingu á áþreifanlegum eignum sem eiga sér stað á vátryggingartímabilinu, þ.m.t. afnotamissi á eignum.

- 2.7 „Viðbótarábyrgðartrygging“ merkir váttryggingu þessa og tekur við þegar skaðabótakröfur sem falla kunna á váttryggðan hafa farið umfram váttryggingarfjárhæðir og sjálfhábyrgðir lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins og/eða annarrar viðlíkrar ábyrgðartryggingar sem bílaleigufyrirtækið hefur tekið.
- 2.8 „Váttryggingarbætur“ merkir fjárhæðir þær sem greiddar eru samkvæmt viðgerðarreikningum, við samninga um lyktir kröfu eða samkvæmt dómi.
- 2.9 „Váttryggingartímabil“ merkir tímabil það sem skráð er í bílaleigusamningi og tekur til þess tímabils sem váttryggður hefur bílaleigubílinn undir höndum. Fyrsti dagur leigutímabils verður að vera innan váttryggingartímabils til þess að váttrygging þessi gildi og gildir váttryggingin aldrei yfir leigutímabil sem varir lengur en 31 dag samfellt.
- 2.10 „Bílaleigusamningur“ merkir samning sem váttryggður gerir um leigu á bílaleigubíl til dags eða vikna hjá bílaleigufyrirtæki eða umboðsskrifstofu með tilskilin leyfi hlutaðeigandi yfirvalda.
- 2.11 „Leigutímabil“ merkir tímabilið sem bílaleigubíllinn er tekinn á leigu og váttryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir honum og fellur úr gildi á þeirri stundu sem bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar.
- 2.12 „Dvalarland“ merkir land þar sem váttryggður hefur: a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búið samfellt í a.m.k. 180 daga.

### 3 Tjóns- og kröfutilkynning

- 3.1 TILKYNNNA BER ÞEGAR Í STAÐ SÍMLEIÐIS TIL AXA ASSISTANCE UM HVERS KONAR TJÓN ER VARÐA BÍLLEIGUBÍLLINN EÐA NOTKUN HANS.

Síðan skal váttryggður senda skriflega tilkynningu um atburðinn eftir nánari fyrirætlum frá Kreditkort hf. eða Sjóvá. Í öllum tilvikum skal tilkynna um mögulega kröfu er falla kann vegna atburðar, sem bótaskyldur er samkvæmt ákvæðum II. og III. kafla váttryggingarinnar. Slík tilkynning skal berast eigi síðar en 48 klst. frá tjónsatburðinum.

## II. KASKÓTRYGGING BÍLLEIGUBÍLS

### 1 Gildisákvæði

- 1.1 Hafi korthafi Einkakort MasterCard korts gefið kortnúmerið upp sem greiðslu fyrir leigugjald bílaleigubíls með framangreindu kreditkortu sínu mun félagið bæta hinum váttryggðu, sem nafngreindir eru í bílaleigusamningi, það tjón sem verða kann á bílaleigubílum og þeir eru ábyrgir fyrir samkvæmt ákvæðum bílaleigusamningsins. Váttryggingin samkvæmt þessum hluta skilmálanna er veitt vegna leigu á EINUM BÍLLEIGUBÍL Í HVERJU EINSTÖKU TILVIKI.
- Váttryggingin tekur eingöngu til bílaleigubíla sem eru í eigu bílaleigufyrirtækis með tilskilin leyfi. Þá gildir váttryggingin aðeins ef váttryggður hafnar því að kaupa af bílaleigunni „Loss Damage Waiver“-tryggingu (kaskótryggingu) eða viðlíka váttryggingu vegna hins leigða bíls. Váttryggingarákvæði samkvæmt skilmálum þessum eru hvorki víðtækari né þrengri en gilt hefði um LDW-tryggingu eða aðra sambærilega váttryggingu sem í boði var hjá þeirri bílaleigu sem viðkomandi bílaleigubíll tilheyrir.
- 1.2 Váttryggðir eru ökumenn bílaleigubílsins sem eru korthafi Einkakorts svo og ökumenn sem tengjast korthafa: maki, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdforeldrar, systkini, viðskiptavinur og samstarfsmaður. Skulu váttryggðir ökumenn skráðir í BÍLLEIGUSAMNINGI OG SKAL SÁ ÞEIRRA SEM FYRSTUR ER TILGREINDUR VERA HANDHAFI Einkakorts. Allir váttryggðir ökumenn skulu hafa gild ökuskráteini og vera á aldrinum 21 til 74 ára.
- 1.3 Váttrygging þessi gildir ekki á Íslandi, Rússlandi og fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna og Afríku (S-Afríka undanskilin) og ekki innan dvalarlands korthafans.

## 2 Vátryggingarfjárhæð og sjálfþýrgð

- 2.1 Félagið greiðir bætur allt að 50.000 USD (eða jafngildi þess í gjaldmiðli viðkomandi lands) að frádraginni sjálfþýrgð, 100 USD.

## 3 Tjónsorsakir sem vátryggingin nær til

- 3.1 Bætur greiðast vegna skemmda á ökutækinu sjálfu og eðlilegum aukahlutum þess af völdum eldingar, eldsvoða, sprengingar, árekstrar, áaksturs, veltu og útafaksturs.
- 3.2 Bætur greiðast vegna þjófnaðar og skemmdarverka á ökutækinu.

## 4 Gildistími vátryggingarinnar

- 4.1 Vátryggingin gildir frá og með þeirri stundu er vátryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubíl og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Vátryggingin gildir þó einungis yfir leigu í 31 dag eða skemur.

## 5 Tilkynning um tjón – Ráðstafanir vegna tjóns

- 5.1 Verði tjón skal vátryggður tafarlaust tilkynna það símleiðis til Axa Assistance og síðan skriflega eftir nánari fyrirmælum frá Kreditkortu hf. eða Sjóvá. Er tjón hefur orðið eða bein hættu er á því að það muni bera að höndum ber vátryggðum að reyna að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber vátryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja aðila. Vátryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað. Vanræksla á þessum skyldum vátryggðs getur valdið skerðingu eða missi vátryggingarverndar eftir lögum um vátryggingarsamninga.
- 5.2 Engum er heimilt að viðurkenna bótaskyldu fyrir hönd Sjóvá nema að fengnu skriflegu samþykki félagsins eða Axa Assistance né veita fyrirheit um nokkrar skuldbindingar af þess hálfu. Félagið skal hafa óskorðaðan rétt til að reka mál, stýra og semja um lyktir mála sem rísa kunna vegna eða í tengslum við kröfur á hendur vátryggðu.
- 5.3 Félagið leysist úr ábyrgð ef vátryggingartaki krefur það ekki um bætur innan 31 dags frá því að hann fékk vitneskju um atvik er krafan reis af.

## 6 Framsal réttar – Endurkröfuréttur

- 6.1 Vátryggingartaki má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á, öðlast það rétt vátryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.
- 6.2 Um allar kröfur sem reistar eru á vátryggingu þessari skal fara að íslenskum lögum og skulu íslenskir dómstólar einir hafa lögsögu um hverskonar ágreining er rísa kann á grundvelli vátryggingar þessarar.

## 7 Undanskilin áhætta

**Vátrygging greiðir ekki tjón á bílaleigubílum sem ekki hafði verið leigðir af American Express korthafa.**

**Vátryggður veður vátryggingaratburði:**

- 7.1 Ásetningur: Hafi vátryggður af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.
- 7.2 Stórkostlegt gáleysi: Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á því hvort háttsemi telst fela í sér stórkostlegt gáleysi er meðal annars litið til þess hvort vátryggður taldist ekki geta stjórnað ökutæki örugglega eða var óhæfur til þess samkvæmt ákvæðum umferðarlaga vegna undanfarandi neyslu áfengis, fíkniefna, örvandi eða deyfandi lyfja.

**Brot á varúðarreglum:**

- 7.3 Varúðarreglur eru háttænisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir því að veita váttrygginguna að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

- 7.4 Varúðarregla um ökuréttindi: Váttryggðum og þeim sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða ökutæki ber að gæta þess að hafa gild ökuréttindi við akstur ökutækisins.

**Háttæmi annarra einstaklinga en váttryggðs:**

- 7.5 Ákvæði sem kveða á um að réttur til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um bótarétt vegna háttæmi einhvers þeirra aðila sbr. gr. 1.2 í skilmálum þessum, sem með samþykki eiganda ökutækisins er ábyrgur fyrir hinu váttryggða ökutæki.

**Félagið greiðir ekki bætur þegar:**

- 7.6 Váttryggður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því er um ræðir eða hefur misst réttindi til að aka því;
- 7.7 Tjón verður vegna kappaksturs, aksturskeppni, reynsluaksturs eða æfingar fyrir slíkan akstur;
- 7.8 Um er að ræða akstur þar sem bannað er að aka ökutækinu, akstur annars staðar en á vegum landsins, svo sem á túnum, engjum, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forarvöð, vegatroðninga og/eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir er verða þegar ökumaður hefur neyðst til að fara út af akbraut, t.d. vegna viðgerðar á vegi;
- 7.9 Um er að ræða notkun ökutækisins sem brýtur í bága við skilmála bílaleigusamnings og ákvæði váttryggingaskilmála;
- 7.10 Um er að ræða skemmdir er verða vegna efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins, þó bætast skemmdir sem hljóttast af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða;
- 7.11 Tjón verður sem rekja má til eðlilegs slits eða ófullnægjandi viðhalds bílaleigubílsins;
- 7.12 Tjón verður af völdum stríðs (hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki), borgarastyrjaldar, óeirða, uppbóta, upptöku eignar eða þjóðnýtingar, valdboðskrófu, eyðileggingar eða skemmda á bílaleigubílum af hálfu eða að skipun hvaða ríkisstjórnar eða yfirvalda sem er á landsvísu eða í héraði, verkfallsaðgerðum eða annarra sambærilegra atburða;
- 7.13 Um er að ræða hvers kyns skemmdir af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna;
- 7.14 Tjón verður af völdum skordýra eða meindýra;
- 7.15 Um er að ræða kröfur eða atvik sem kunna að leiða til kröfugerðar, sem ekki er skriflega tilkynnt Axa Assistance eða Sjóvá innan 31 dags frá því að váttryggingaratburður varð;
- 7.16 Um er að ræða tjón af völdum hvers kyns sviksamlegs, óheidarlegs eða saknæms verknaðar sem framinn er af váttryggðum eða sem hann er viðriðinn;
- 7.17 Um er að ræða kostnað sem stofnað er til, hafnað er greiðslu á eða greiddur er af bílaleigunni eða váttryggjendum hennar;
- 7.18 Um er að ræða kröfu vegna verksmiðjugalla og/eða framleiðsluskemmda;
- 7.19 Tjón hlýst af akstri aðila sem ekki eru nafngreindir í bílaleigusamningi og uppfylla önnur skilyrði sem váttryggðir.

## 8 Ökutæki sem ekki falla undir váttryggingu þessa

- 8.1 Váttryggingin tekur ekki til leigu á sérstaklega hraðskreiðum ökutækjum, þ.e.a.s. Aston Martin, Ferrari, Porsche, McLaren, Lamborghini og annarra slíkra, auk ökutækja sem eru meira en 20 ára gömul eða sem ekki hafa verið framleidd í 10 ár eða lengur. Það er leigutaka að athuga (áður en ökutæki er tekið á leigu) hjá Axa Assistance að ökutækið falli undir váttryggingu þessa.

- 8.2 Þá tekur váttryggingin ekki til leigu vissra farar- og ökutækja, þ.e.a.s. vörubíla, dráttarvéla, hvers konar vinnuvéla, tengivagna og hjólhýsa, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél, léttra bifhjóla, torfærubíla til aksturs utan vega, tómstundafarartækja, húsbíla, sendiferðabifreiða og ökutækja með fleiri en 9 sætum.

### III. VIÐBÓTARÁBYRGÐARTRYGGING BÍLALEIGUBÍLS

#### 1 Gildisákvæði

- 1.1 Hafi korthafi Einkakorts Mastercard gefið kortnúmerið upp til greiðslu fyrir leigugjald bílaleigubíls með framangreindu kreditkorti sínu mun félagið bæta sérhverja þá skaðabótakröfu sem váttryggðir sem nafngreindir eru í bílaleigusamningi, kunna að verða ábyrgir fyrir gagnvart þriðja aðila, sem öikumenn bílaleigubílsins á leigutímanum. Váttrygging þessi tekur við þegar skaðabótakröfur sem falla kunna á váttryggðan hafa farið umfram váttryggingarfjárhæðir og sjálfsábyrgðir lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins og/eða annarrar viðlíka ábyrgðartryggingar sem bílaleigufyrirtækið hefur tekið. Ákvæði váttryggingarinnar er undir engum kringumstæðum víðtækari en þær váttryggingar sem eru innifaldar í bílaleigusamningnum.
- 1.2 Váttryggðir eru öikumenn bílaleigubílsins sem eru korthafi Einkakorts svo og öikumenn sem tengjast korthafa: maki, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdforeldrar, systkini, viðskiptavinur og samstarfsmaður. Skulu váttryggðir öikumenn skráðir í BÍLALEIGUSAMNINGI OG SKAL SÁ ÞEIRRA SEM FYRSTUR ER TILGREINDUR VERA HANDHAFI Einkakorts. Allir váttryggðir öikumenn skulu hafa gild ökuskrírteini og vera á aldrinum 21 til 74 ára.
- 1.3 Váttrygging þessi gildir ekki á Íslandi, Rússlandi og fyrrum Lýðveldum Sovétríkjanna og Afríku (S-Afríka undanskilin) og ekki innan dvalarlands korthafans.

#### 2 Váttryggingarfjárhæð

- 2.1 Félagið greiðir allt að 1.000.000 USD í umframskaðabætur.

#### 3 Váttryggingarsvið

- 3.1 Váttryggingin er viðbótarábyrgðartrygging og tekur til sömu váttryggingarverndar og hin lögbundna ábyrgðartrygging bílaleigubílsins nær til eða önnur viðlíka ábyrgðartrygging sem bílaleigufyrirtækið hefur tekið.
- 3.2 Það er skilyrði fyrir bótum úr váttryggingunni að váttryggjendur lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins eða aðrir váttryggjendur sem annast viðlíka ábyrgðartryggingu fyrir bílaleigufyrirtækið hafi viðurkennt bótaskyldu eða hafi verið taldir skuldbundnir til að greiða skaðabótakröfu sem fram er komin. Váttrygging þessi tekur þá við þegar hin lögbundna ábyrgðartrygging eða önnur viðlíka ábyrgðartrygging getur ekki að fullu greitt skaðabótakröfuna vegna þess að váttryggingarfjárhæðin er að fullu greidd og greiðir þá váttrygging þessi þann mismun allt að því hámarki sem getið er í 2. gr. hér að framan.
- 3.3 Váttryggingin tekur sérstaklega til hvers váttryggðs einstaklings sem krafa er gerð á eða lögsókn hafin gegn, þó með þeirri undantekningu að það að fleiri en einn váttryggður einstaklingur eigi í hlut skuli ekki stuðla að hækkun váttryggingarfjárhæðar sem tilgreind er í 2. gr. hér að framan.

#### 4 Gildistími váttryggingarinnar

- 4.1 Váttryggingin gildir frá og með þeirri stundu er váttryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubíl og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Váttryggingin gildir þó einungis yfir leigu í 31 dag eða skemur

#### 5 Kostnaður, gjöld og útgjöld

- 5.1 Þegar váttryggður hefur rétt á vernd úr annarri váttryggingu, t.d. lögbundinni ábyrgðartryggingu bílaleigubílsins eða annarri viðlíka váttryggingu, áskilur félagið sér rétt, þó án þess að verða skuldbundið til slíks, að eiga aðild að málsvörn og stjórn hvers kyns kröfu eða lögsókn sem eðlilega má vænta að félagið eigi hlut að samkvæmt ákvæðum váttryggingarskilmálanna.

- 5.2 Öll útgjöld vegna rannsókna og málsvarna í kröfumálum sem váttrygging þessi tekur til, þ.m.t. réttarkostnaður, tryggingar settar vegna áfrýjunar, vextir áður og eftir að dómur er kveðinn upp, skulu ekki falla undir bótamörk váttryggingarinnar.

## 6 Undanskilin áhætta

Til viðbótar þeim undanskildu áhættum sem bílaleigusamningur hefur að geyma, tekur váttrygging þessi ekki til:

- 6.1 Bótaskyldu sem váttryggð er gert að axla samkvæmt lögum um ótryggð ökumenn, vantryggð ökumenn, eða lögum er varða tjón án sakar bílstjóra og lögum um slyss þeirra sem verða fyrir slíkum tjónum eða hvaða öðrum svipuðum lögum sem vera kann. Með því að gangast undir váttryggingu þessa samþykkir korthafi að hann komi fram fyrir sjálfs sín hönd og fyrir hönd allra annarra einstaklinga sem kynnu að vera meðváttryggðir samkvæmt váttryggingu þessari. Váttryggður hafnar því ennfremur, að því marki sem lög leyfa, að váttryggingin taki til nokkurrar váttryggingarverndar sem annars kynni að vera krafist að einhverjum slíkum lögum. Þessi undanskilda áhætta tekur þó ekki til skaðabóta, allt að 100.000 USD samtals, sem hinn váttryggði og meðváttryggðir eiga rétt á að innheimta samkvæmt ákvæðum váttryggingarinnar er tekur til ótryggðs eða vantryggðs ökumanns eða slyss þar sem slyssvaldur hverfur af vettvangi.
- 6.2 Líkams- eða eignatjóns þeirra sem váttryggðir eru samkvæmt váttryggingu þessari eða, að því marki er lög leyfa í ríki því sem bílaleigusamningurinn er undirritaður í, eða líkamstjóns eða eignatjóns nokkurs einstaklings sem tengist hinum váttryggðu blóðböndum, venlum eða með ættleiðingu og býr undir sama þaki.
- 6.3 Skaðabótaúrskurðar í refsingarskyni eða öðrum til varnaðar.
- 6.4 Neinna skuldbindinga sem váttryggður eða einhver annar váttryggjandi hans kann að vera gerður ábyrgur fyrir samkvæmt lögum um bætur til verkamanna, vegna atvinnusjúkdóms, atvinnuleysisbóta eða örorkubóta eða svipuðum lögum.
- 6.5 Líkamstjóns eða eignatjóns sem er afleiðing dreifingar, sleppingar, skyndilegs leka eða seytlis hvers konar olíu, jarðolíuefna eða afleiddra efna, fituefna, reyks, gufu, sóts, hvers kyns skaðlegs og eitraðs efnis, vökva og lofttegunda eða annarra ertingavalda eða mengunarvalda í eða á jarðvegi, andrúmslofti eða hvers kyns straumvatni eða stöðuvatni, eða votlendi, en takmarkast þó ekki við hættuleg efni í grunnvatni, jarðvegsgrunni eða nokkuð það sem þar er. Undanþága þessi á einnig við um hreinsunarkostnað sem stofnað er til og hvers kyns líkams- eða eignatjón sem hlýst af eða er í tengslum við hvaðeina er hér að ofan greinir. Ákvæði þetta tekur þó ekki til þess er hér segir:
- a) sé geymi eða annarri slíkri geymslu er inniheldur mengunarvalda velt, hvolt eða hún skemmd vegna notkunar hins váttryggða bílaleigubíls; eða
- b) valdi slík velta eða skemmdir á bifreiðinni losun, dreifingu, sleppingu eða skyndilegum leka mengunarvalda.
- 6.6 Bótaskyldu váttryggðs sem beint eða óbeint rís af, á sér stað vegna eða er afleiðing styrjaldar, innrásar, athafna erlendra óvina, hernaðaráttaka (hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki), borgarastyrjaldar, uppreisnar, byltingar, uppþots, valdatöku hers eða annarra aðila, upptöku eignar eða þjónnýtingar, valdboðskrófu, eyðileggingar eða skemmda á eign af hálfu eða að skipun hvaða ríkisstjórnar eða yfirvalda sem er á landsvísu eða í héraði.
- 6.7 Líkams- eða eignatjóns vegna flutninga, geymslu, meðhöndlunar, dreifingar, sölu eða ráðstöfun asbestefna, varnings eða vara sem innihalda asbestefni.
- 6.8 Líkams- eða eignatjón vegna framleiðslu, meðhöndlunar, dreifingar, sölu, beitingar, neyslu eða notkunar einhverra vara sem vitað er að innihalda fjöklórað bifényl eða sem innihalda afleidd fjöklóruð bifényl eða sem í efnaiðnaði er almennt vitað að byggja á líkri formúlu eða virkni, án tillits til þess undir hvaða nafni vörurnar eru framleiddar, seldar eða þeim dreift.
- 6.9 Líkams- eða eignatjóns sem orsakast af hættulegum eiginleikum efna eða kjarnaefna sem:

- a) einhverjum einstaklingi eða stofnun er skylt að hafa fjárhagslega váttryggingu yfir samkvæmt lögum um kjarnorku frá 1954 (USA) eða hvers kyns lagabreytingum á þeim; eða
  - b) váttryggði á eða myndi eiga, hefði váttrygging þessi ekki verið gefin út, rétt á skaðabótum frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku eða einhverri stofnun á vegum þeirra samkvæmt samningi sem gerður hefur verið af Bandaríkjunum eða einhverri ríkisstofnun þeirra við einhvern einstakling eða stofnun.
- 6.10 Félagið veitir ekki váttryggingarvernd neinum váttryggðum aðila sem sett hefur fram svíksamlegar fullyrðingar eða sýnt svíksamlegt hátterni í tengslum við hvers konar óhapp eða tjón.
- 6.11 Félagið veitir ekki váttryggingarvernd neinum váttryggðum sem veldur vísvitandi líkamstjóni eða eignatjóni.
- 6.12 Váttryggingarvernd er aðeins veitt vegna leigu á EINU ÖKUTÆKI Í HVERJU EINSTÖKU TILVIKI, sem kann að vera ekið og rekið af einhverjum þeirra sem til greina koma sem váttryggðir aðilar SVO SEM FRAM KEMUR Í BÍLALEIGUSAMNINGI, OG SKAL SÁ ÞEIRRA SEM FYRSTUR ER TILGREINDUR SEM ÖKUMAÐUR VERA HANDHAFI Einkakorts.

Váttryggingin tekur gildi frá og með þeirri stundu er váttryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubílnum og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigufyrirtækið tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Bótaskylda samkvæmt ákvæðum váttryggingar þessarar er takmörkuð við bótaskyldu sem váttryggður hefði verið verndaður fyrir hefði hann tekið viðbótarábyrgðartryggingu, (LIS) eða aðra viðlíka váttryggingu hjá bílaleigunni.

## 7 Skilyrði

### 7.1 Samþykki hins tryggða:

Með því að samþykkja viðbótarábyrgðartryggingu (LIS) í bílaleigusamningi, afsalar váttryggður sér og fyrir hönd annarra váttryggða rétti sínum um váttryggingarvernd úr váttryggingu þessari.

### 7.2 Kröfur á hendur félaginu:

Krafa á hendur félaginu telst ekki réttmæt nema að váttryggði hafi fyllilega hlítt öllum skilmálum váttryggingarinnar. Bætur greiðast því aðeins að þær hafi verið ákvarðaðar með dómi eða með skriflegu samþykki váttryggða, kröfuhafa og félagsins. Hámarksbætur takmarkast við váttryggingarfjárhæð váttryggingarinnar. Skyldu félagsins til að ná sáttum eða halda uppi vörnum lýkur þegar váttryggingarfjárhæðin hefur verið greidd að fullu. Félaginu ber engin skylda til að halda uppi vörnum í nokkru máli eða ná sáttum um nokkra kröfu vegna líkamstjóns eða eignatjóns sem váttryggingin tekur ekki til. Enginn einstaklingur eða stofnun á neinn rétt samkvæmt váttryggingu þessari til að tengja félagið neinni beinni málshöfðun á hendur hinum váttryggða til að ákvarða skaðabótaskyldu hans né getur hinn váttryggði eða löglegur fulltrúi hans tengt félagið slíkum málaferlum. Hafi váttryggði eða bú váttryggða orðið gjaldþrota eða ógjaldfært breytir það í engu skuldbindingum félagsins samkvæmt váttryggingu þessari.

### 7.3 Áfrýjanir:

Í því tilviki að váttryggði kjósi að áfrýja ekki dómsúrskurði þar sem kröfufjárhæð fer umfram váttryggingarfjárhæð lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins eða annarrar viðlíkrar váttryggingar, kann félagið að gera slíkt á eigin kostnað og skal þá bera skattskyldan kostnað, útlagðan kostnað og vexti sem á kunna að falla en þó skal bótaskylda félagsins í engu tilviki vera umfram þá upphæð sem tilgreind er í váttryggingu þessari fyrir neitt eitt tilvik auk skattskylds kostnaðar, útlagðs kostnaðar og vaxta er á kunna að falla við slíka áfrýjun.

### 7.4 Framsal:

Framsal hagsmuna samkvæmt váttryggingu þessari bindur ekki félagið nema samþykki þess sé ritað á það.

### 7.5 Aðstoð og samvinna váttryggða:

Vátryggða ber að hafa samvinnu við félagið um rannsókn, uppgjör kröfu eða málsvörn hvers kyns kröfu eða lögsóknar.

#### 7.6 Gjaldþrot eða ógjaldfærni:

Ógjaldfærni eða fjárhagsleg vanhæfni vátryggðs hækkar hvorki þær fjárhæðir sem félagið hefði að öðrum kosti þurft að greiða, né kemur vátrygging þessi til viðbótar við neina skerta bótafjárhæð sem þjóðast kann vegna ógjaldfærni eða fjárhagslegrar vanhæfni vátryggðs.

#### 7.7 Breytingar:

Tilkynning til eða vitneskja einhvers umboðsmanns eða einhvers annars einstaklings hefur hvorki áhrif á afsal eða breytingu neins hluta þessarar vátryggingar, né kemur slíkt í veg fyrir að félagið fái nýtt réttindi samkvæmt vátryggingunni, né skal vera unnt að afsala sér skilmálum vátryggingarinnar eða breyta þeim nema með áritun sem mynda skal hluta þessarar vátryggingar og vera undirrituð af til þess bærum fulltrúa félagsins.

#### 7.8 Tjónstilkynning:

Þegar atvik verður sem veldur líkamstjóni eða skemmdum á eignum og eðlilega mætti ætla að það yrði tilefni kröfugerðar samkvæmt vátryggingu þessari, skal vátryggður tafarlaust tilkynna um atvikið símleiðis til Axa Assistance. Þar að auki skal skrifleg tilkynning send Sjóvá, eins fljótt og því verður við komið. Slík tilkynning kemur til viðbótar hvaða öðrum skuldbindingum sem vátryggði kann að hafa samkvæmt lögbundinni ábyrgðartryggingu bílaleigubílsins eða annarri viðlíka vátryggingu sem tekin er af bílaleigunni. Slík tilkynning skal veita glöggar upplýsingar um hinn vátryggða og upplýsingar sem eðlilegt má telja að afla megi með hliðsjón af tíma, staðsetningu og aðstæðum við tjónsatburð. Vátryggði skal á sama hátt senda tilkynningu til félagsins um hvers kyns kröfu eða lögsókn sem honum kann að berast vegna slíks atburðar og afhenda öll skjöl og gögn þar að lútandi. Leyni vátryggður félaginu vísitandi upplýsingum er varðar slíka kröfu eða lögsókn eða afhendi hann ekki gögn er málið varðar getur slíkt framferði leitt til missis vátryggingarverndar samkvæmt vátryggingu þessari.

#### 7.9 Aðskilnaður hagsmuna:

Vátryggingin tekur sérstaklega til hvers vátryggðs einstaklings sem krafa er gerð á eða lögsókn hafin gegn, þó með þeirri undantekningu að þótt fleiri en einn vátryggður einstaklingur eigi í hlut skal það ekki stuðla að hækkun bótaskyldumarks félagsins samkvæmt 2. gr. vátryggingarinnar.

#### 7.10 Kröfuhafaskipti:

Bæti félagið tjón samkvæmt vátryggingu þessari, skal félagið taka við öllum réttindum vátryggða til endurheimtu er tengjast slíkri greiðslu, gagnvart hvaða einstaklingi eða stofnun sem er, og skal vátryggði láta gera og afhenda löggerninga og skjöl og gera hvaðeina sem nauðsynlegt kann að vera til að tryggja slík réttindi. Hinn vátryggði skal ekki gera neitt það eftir að tjónsatvik verður er stofnað geti slíkum réttindum í hættu. Allar endurkröfur sem innheimtar eru eða tekið er við eftir uppgjör á tjóni samkvæmt vátryggingu þessari skulu nýttar eins og hefðu þær endurheimst eða við þeim verið tekið fyrir slíkt uppgjör tjóns og allar nauðsynlegar ráðstafanir þá gerðar milli vátryggða og félagsins.

### Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál, sem rísa kunna vegna vátryggingarinnar, skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Verði ágreiningur um vátrygginguna, þ.m.t. þegar bótakrafa snertir íslenska hagsmuni, skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum.

Skilmálar þessir gilda frá 1. júní 2008.

[Efst á skjal](#)